

## S A M Þ Y K K T

33

## um gjalddaga útsvara á Akureyri.

12. maí

Gjalddagar útsvara til bæjarsjóðs Akureyrarkaupstaðar skulu vera tveir á árinu 1936, 14. maí og 1. september, og skal greiða helming útsvars í hvort skipti.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 59, 8. september 1931, um breytingu á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör, til þess að öðlast þegar gildi.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. maí 1936.*

Haraldur Guðmundsson.

*Vigfús Einarsson.*

## R E G L U G E R Ð

34

## fyrir vatnsveitu Hríseyjarkaupþúns.

11. júní

## 1. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta, annast vatnsveitunefnd. Skal hún skipuð þrem mönnum, heimilisföstum í Hrísey, og tilnefdir hreppsnefnd einn þeirra, en hinir tveir skulu kosnir á miðsvetrarfundi hreppsins ár hvert.

Vatnsveitunefndin annast um byggingu vatnsveitunnar, og kostnaður við nefndarstörfin færir á kostnaðarreikning vatnsveitunnar. Þegar byggingu vatnsveitunnar er lokið, skal vatnsveitunefnd gera fullnaðarreikninga yfir byggingarkostnað vatnsveitunnar og leggja þá undir endurskoðun til endurskoðenda sveitarreikninganna og síðan fyrir næsta miðsvetrarfund til samþykktar hreppsþúa. Nefndin annast um bókhald vatnsveitunnar og innheimtu vatnsskatts og fær fyrir það laun, er ákveðin skulu á miðsvetrarfundi ár hvert. Nefndin getur falið einum manni úr sínum flokki störf þessi, en bera skal hún ábyrgð á störfum þess manns í þágu vatnsveitunnar.

## 2. gr.

Af öllum húsum í kaupþúninu, sem virt eru til fasteignaskatts og vatni er veitt í og standa á svæðinu frá Asíu og Selaklökk og lægra en vatnsþróin, skal greiða vatnsskatt, enda eiga húseigendur rétt á að fá vatnsæð lagða að húsvegg, ef íbúð er í húsinu, ef fiskverkun eða sildarverkun fer þar fram, eða ef tvær eða fleiri kýr eru í húsinu. Skatturinn skal lagður á eftir hinni lögskipuðu fasteignamatsvirðingu húsanna að undanskildu virðingarverði lóðanna